Skuldabréf alls	<u>17.141.740</u>	<u>6.568.089</u>	<u>23.423.457</u>	<u>286.371</u>	<u>23.709.828</u>	<u>21.725.238</u>

Markaðsverð skuldabréfa sjóðsins í árslok 2018 er áætlað 26.038 milljónir króna en bókfært verð þeirra er 23.710 milljónir króna, eða um 2.328 milljónum króna lægra en áætlað markaðsverð. Gangvirði bréfa sem haldið er til gjalddaga eru 19.470 milljónir. Öll skuldabréf séreignardeildar eru færð á markaðsvirði.

11. Niðurfærslur skuldabréfa

	2018	2017
Niðurfærsla í ársbyrjun	199.473	222.933
Breyting á niðurfærslu ársins.....	0	(23.460)
Endanlega fært út.....	(61.419)	0
	138.054	199.473

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Bókfærð niðurfærsla skiptist þannig að 65,2 m.kr. eru vegna veðskuldabréfa, 58,7 m.kr. vegna skuldabréfa lánastofnana og 14,1 m.kr. vegna annarra skuldabréfa.

12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	2018			2017		
	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	10.435.661	18.628.533	29.064.194	9.848.274	17.139.392	26.987.666
Skuldabréf.....	22.871.564	838.264	23.709.828	20.977.549	747.689	21.725.238
Bundnar bankainnstæður.....	0	0	0	81.581	0	81.581
	33.307.224	19.466.798	52.774.022	30.907.404	17.887.081	48.794.485

Hlutfallsleg skipting	63%	37%	100%	63%	37%	100%
-----------------------------	-----	-----	------	-----	-----	------

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	Skuldabréf	Hlutfall	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	Skuldabréf	Hlutfall
Í EUR.....	5.678.302	57.315	29,5%	5.420.763	54.496	30,6%
Í USD	11.050.110	777.650	60,8%	9.974.095	686.645	59,6%
Í NOK.....	931.221	0	4,8%	703.077	0	3,9%
Í GBP.....	567.561	3.299	2,9%	547.822	6.548	3,1%
Í DKK.....	401.340	0	2,1%	493.636	0	2,8%
	18.628.533	838.264	100,0%	17.139.392	747.689	100,0%

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	51.102	14.596	65.698
Eignfært á árinu	0	308	308
Staða í árslok	51.102	14.904	66.006

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	22.327	10.808	33.135
Afskrift ársins	739	(67)	673
Staða í árslok	23.066	10.742	33.808

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	28.775	3.788	32.563
Bókfært verð í árslok	28.036	4.162	32.198

Afskriftarhlutföll	2%	20%
--------------------------	----	-----

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	28.990	99.550	28.036
Innréttingar, áhöld og tæki		30.762	4.162
	28.990	130.312	32.198

14. Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu samtryggingardeildar í árslok 2018 miðað við 3,5% ársvexti vantar áfallnar skuldbindingar 2.141 millj.kr. til að mæta áföllnum skuldbindingum eða 4% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru 3.227 millj.kr. eða 4,4% af skuldbindingum.

Eignir	2018	2017
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok.....	69.893.316	64.743.692
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun.....	64.743.692	61.777.883
Lækkun/hækkun endurmetinnar eignar á árinu.....	5.149.624	2.965.809
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok.....	73.120.023	68.129.534
Skuldbindingar í ársbyrjun.....	68.129.534	65.836.418
Hækkun/skuldbindinga á árinu.....	4.990.489	2.293.116
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu.....	159.136	672.692
Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar árið 2018		
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun.....	50.090.436	47.661.210
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta.....	3.433.368	2.518.294
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins.....	1.517.979	1.362.025
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu.....	(1.672.264)	(1.551.289)
Hækkun vegna annarra breytinga.....	(336.591)	100.195
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	53.032.928	50.090.436

15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags

Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í framtakssamlögum fyrir fjárhæð sem getur numið allt að 4,4 milljörðum króna m.v. myntgengi í árslok 2018 (5,6 milljarðar 2017). Áætlað er að 1.230 milljónir komi til greiðslu á árinu 2019. Á móti koma endurgreiðslur frá sjóðnum, þegar fjárfestingar eru seldar aftur. Um er að ræða sjóði í USD, EUR og ISK.

16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

16.1 Áhættustefna, skipulag og markmið áhættustýringar

Í daglegri starfsemi sinni sem lífeyrissjóður stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfseminni og að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar. Til að mæta þessari kröfu hefur sjóðurinn mótað sérstaka áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind, helstu áhættuþáttum lýst og gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd áhættustýringar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmdastjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnu sjóðsins, þar er áhættuþol sjóðsins metið og töluleg markmið sett um áhættu og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmið séu haldin og hvernig eftirliti er háttað. Lagt er mat á mikilvægi áhættuflokka, eftirlitsaðgerðir eru skilgreindar og sett fram dagskrá áhættustýringar, þar sem eftirlitsaðgerðir eru tímasettar, hver ber ábyrgð og hvaða skýrslum skuli skilað. Stjórn er skilað ársfjórðungslegum skýrslum um framkvæmd áhættustýringar. Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

16.2 Helstu flokkar áhættu í starfsemi sjóðsins

Lífeyrstryggingaráhætta:

Með lífeyrstryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Helstu áhættuþættir í þessum flokki eru: skerðingaráhætta og lýðfræðileg áhætta, en einnig má nefna áhættur eins og iðgjaldaáhættu og lausafjáraáhættu. Skerðingaráhætta er hættan á því að skerða þurfi lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lýðfræðileg áhætta er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins breytist á þann veg að lífeyrir reynist lakari en áætlanir gera ráð fyrir. Fylgst er með tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins með mánaðarlegum könnunum og árlega framkvæmir tryggingastærðfræðingur sjóðsins tryggingafræðilega athugun á stöðu hans. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er lífeyrissjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins til að jafna þann mun. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Þar sem að réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans tryggir réttindakerfið ákveðna aðlögun eigna og skuldbindinga, sem dregur úr þessari áhættu. Á móti kemur að ávöxtun á eignum sjóðsins hefur bein áhrif á kaupmátt lífeyrisréttinda.

Lausafjáraáhætta er fólgin í hættunni á að sjóðurinn eigi ekki laust fé til að standa straum af lífeyrisgreiðslum og rekstri. Hluti af lausafjáraáhættu er seljanleika áhætta eigna, þ.e. hversu auðvelt er að breyta eignum í laust fé.

Mótaðilaáhætta:



Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega, bæði vegna útlána og kaupa á fjármálagerningum á markaði. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum. Mótaðilaáhætta er metin bæði áður en viðskipti eiga sér stað og síðan í eftirfylgni með vörslu, endurgreiðslu og uppgjöri á fjármálagerningum. Mótaðilaáhættu þ.m.t. útlánaáhættu er stýrt með áreiðanleikakönnunum og láns hæfismati á mótaðilum, mörkum sem sett eru um kröfur á einstaka aðila eða skylda aðila í eignasafni sjóðsins, reglubundinni skýrslugjöf frá mótaðilum og mati á fjárhagstyrk þeirra, eftirfylgni með skilum og innheimtuaðgerðum, auk reglna um áhættuflokkun viðskiptamanna og varúðarniðurfærslur.

Fjárhagsleg áhætta:

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagsleg eignir sjóðsins rýrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans og áhætta er háð sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett. Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, uppgreiðslu- og endurfjárfestingaráhættu, gengi gjaldmiðla, verðbólgu og breytinga á virði fjáreigna. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum. Fjárhagslegri áhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fjárfesta í mismunandi flokkum eigna, sem hegða sér misjafnlega við mismunandi markaðsaðstæður, og dreifa þannig áhættu.

Í fjárfestingastefnu sjóðsins og stefnum einstakra undirsafna eru fjölmörg ákvæði sem sett eru í þeim tilgangi að stýra áhættu. Þar eru sett markmið um eignasamsetningu, ákvarðaðar viðmiðunarvísitölur sem tekið er mið af við stýringu eigna og víkmörk sett um frávik frá viðmiði. Sett er fram sérstök áhættuáætlun, þar sem tilgreind eru markmið áhættu mæld sem staðalfrávik ávöxtunar og hvernig það er útfært niður á einstaka eignaflokka, markmið um áhættulækkun sem áhættudreifing á að skila, markmið um árangurshlutfall, hermiskekkju, vágildi (VaR) og fleiri áhættumælikvarða. Mælingar á markaðsáhættu eru gerðar með reglulegu millibili og skilar framkvæmdastjóri ársfjórðungslegum skýrslum til stjórnar um það efni. Brugðist er við með breytingum á eignasamsetningu þróist þessir mælikvarðar á þann veg að hætta sé á að áhætta fari út fyrir markmiðsáhættu sjóðsins.

Á neðangreindum myndum má sjá dæmi um næmni eignarsafns fyrir breytingum á verðtryggðum og óverðtryggðum vöxtum.




Myndirnar sýna hlutfallslega breytingu á markaðsvirði ef vextir breytast um 1% á tilteknum tíma miðað við að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðskröfu.

Við mat á markaðsáhættu er notuð VaR (Value at Risk) greining. VaR (fé í húfi) sýnir lægstu líklegu nafnávöxtun vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. 99% líkur, þ.e. 1% líkur eru á að nafnávöxtun vegna breytinga á virði eigna verði lægri en sýnd eru á neðangreindum myndum.

16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

Fjárhagsleg áhætta (framhald):



Álagspróf:

Sjóðurinn skilar árlega inn álagsprófi til FME í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Niðurstöður prófsins sýna að eignasafn stenst öll próf. Tilvikin þar sem staðan fer niður fyrir skerðingarmörk (-10%) eru vegna breytinga á skuldbindingum. Í þessari stöðu þarf að sýna aukna varkárni.

	Tryggingafræðileg staða		Breyting á stöðu	
	2018	2017	2018	2017
Núverandi staða.....	-4,4%	-0,5%	0,0%	0,0%
Tryggingafræðileg krafa lækkun úr 3,5% í 3,0%.....	-9,1%	-12,0%	-4,7%	-7,0%
Líftöflur hliðrast um 2 ár.....	-6,8%	-10,1%	-2,3%	-5,1%
Örorkulíkur auknar um 10%.....	-2,6%	-5,9%	1,8%	-0,9%
Vísitala neysluverðs hækkun ársins aukin um 0,5%.....	-4,6%	-5,1%	-2,0%	-0,2%
Gangisvísitala hækkar um 10%.....	-7,0%	-7,5%	-2,6%	-2,6%
Sjóðsfélagalán lækka um 10%.....	-4,6%	-5,1%	-0,2%	-0,1%
Markaðskuldabréf lækka um 10%.....	-7,3%	-8,0%	-2,9%	-3,0%
Erlend hlutabréf lækka um 10%.....	-6,1%	-6,8%	-1,7%	-1,8%
Innlend hlutabréf lækka um 10%.....	-5,0%	-5,6%	-0,6%	-0,6%

Rekstraráhætta:

Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemi skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins. Stefnit skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvæðni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, sviksemi, orðspors, upplýsingakerfa eða til ytri atburða. Til að stýra rekstraráhættu hefur sjóðurinn sett sér margvíslegar reglur sem gilda um starfssemi hans, þ.m.t. starfsreglur stjórnar, siðareglur, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um heimildir þ.m.t. ítarlegar reglur um heimildir til fjárfestinga. Í skipulagi eru sett skýr starfs- og ábyrgðarsvið, aðgreining starfa er afmörkuð með ítarlegum starfslýsingum og verkferlum. Reglubundin fundahöld eru með starfsmönnum, þ.m.t. starfsmannasamtöl, sjóðurinn hefur sérstaka starfsdaga þar sem farið er yfir öll svið starfseminnar og boðið upp á þjálfun og námskeiðahald. Sjóðurinn leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra. Beitt er virku innra eftirliti og gerðar eru margháttaðar kannanir á öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðsins og er niðurstöðum slíkra kannana skilað til endurskoðunarnefndar og stjórnar sjóðsins.

Eftirfylgni:

Sjóðurinn fylgist vel með þróun eignasafns og helstu áhættum sem tengjast ávöxtun og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Í mánaðarlegum skýrslum eignastýringaraðila til stjórnar er farið ítarlega yfir þróun eignasafns sjóðsins ásamt þróun helstu vísitalna og verðbréfa. Þar kemur fram m.a. áætluð tryggingafræðileg staða, samanburður við fjárfestingastefnu, yfirlit um stærstu útgefendur, sundurliðun ávöxtunar á verðbréfaflokka, sundurliðun ávöxtunar á verðbréfa- og hluteildarsjóði, yfirlit um ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa, yfirlit um meðallífítima og kaupkröfu skuldabréfa, yfirlit um kaup og sölu allra verðbréfa, sundurliðun á óskráðum verðbréfum auk heildareignalista sem er sundurliðaður á útgefendur og eignaflokka. Eignastýringaraðili og framkvæmdastjóri sem gegnir stöðu áhættustjóra fylgjast næstum daglega með helstu liðum í eignasafni sjóðsins. Staða óskráðra verðbréfa hefur verið eini liðurinn í safni sjóðsins sem hefur verið nálægt mörkum laga og er fylgst sérstaklega vel með þeirri stöðu. Auk þessa hefur sjóðurinn hefur ráðið ALM verðbréf hf. til þess að skila ítarlegri skýrslu ársfjórðungslega þar sem farið er vel yfir helstu áhættur í rekstri sjóðsins.

17. Kennitölur

Fimm ára yfirlit:	2018	2017	2016	2015	2014
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-4,41%	-4,97%	-6,16%	0,11%	-2,12%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-4,04%	-4,27%	-6,02%	1,18%	-1,77%
Hrein raunávöxtun.....	4,98%	6,32%	-1,26%	7,90%	7,39%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	5,01%	4,84%	4,88%	5,33%	4,00%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár	4,06%	2,30%	1,79%	3,14%	3,54%
Kostnaður í hlutfalli af eignum	0,19%	0,20%	0,19%	0,18%	0,19%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	37,27%	39,65%	35,55%	38,57%	34,66%
Skráð skuldabréf	43,35%	41,65%	46,45%	42,68%	37,53%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	17,80%	15,66%	15,68%	14,02%	14,96%
Óskráð skuldabréf	1,57%	2,87%	1,68%	3,45%	11,22%
Bundnar bankainnstæður	0,00%	0,17%	0,65%	1,21%	1,54%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	63,11%	63,34%	68,14%	68,60%	69,47%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	36,89%	36,66%	31,86%	31,40%	30,53%
Fjöldi virkra sjóðfélaga:	1.643	1.631	1.681	1.672	1.688
Fjöldi sjóðfélaga í árslok:	1.931	1.795	1.677	1.564	1.473
Fjöldi lífeyrisþega:	1.815	1.679	1.605	1.470	1.394
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	62,6%	62,4%	60,9%	59,3%	57,2%
Örorkulífeyrir	30,0%	30,8%	31,1%	31,8%	32,3%
Makalífeyrir	5,3%	5,9%	6,4%	6,6%	7,0%
Barnalífeyrir	0,5%	0,5%	0,5%	0,6%	0,7%
Séreignargreiðslur	1,6%	0,4%	1,1%	1,7%	2,8%
Stöðugildi:	3,0	3,0	2,75	3,0	3,0
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	1.640.527	1.475.166	1.440.921	1.449.257	1.321.880
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	1.709.666	1.558.156	1.473.769	1.371.244	1.280.380
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi)	4.244.086	3.830.473	457.081	4.224.834	3.301.026
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls:	104.118	99.645	88.697	82.003	76.525
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	53.441.427	49.370.598	45.722.760	45.387.224	41.166.380
Lífeyrisbyrði	104,2%	105,6%	102,3%	94,6%	96,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	6,3%	6,8%	6,2%	5,7%	5,8%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	8,3%	8,1%	1,0%	9,8%	16,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,20%	0,21%	0,19%	0,19%	0,18%

17. Kennitölur séreignardeildar

Fimm ára yfirlit:	2018	2017	2016	2015	2014
Hrein raunávöxtun *.....	3,69%	70,29%	-7,82%	0,23%	-0,04%
þ.a. Safn I	4,51%	56,56%	-6,15%	0,19%	0,06%
þ.a. Safn II	3,24%	78,18%	-8,75%	0,23%	-0,08%
Hrein raunávöxtun m.v. afturvirka leiðréttingu ***.....	3,69%	9,48%	-2,46%	5,10%	3,12%
þ.a. Safn I	4,51%	8,31%	-0,42%	5,46%	2,47%
þ.a. Safn II	3,24%	10,07%	-3,46%	4,94%	3,34%
Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár	10,28%	10,62%	2,15%	3,38%	3,14%
þ.a. Safn I	9,01%	7,51%	1,64%	3,09%	3,58%
þ.a. Safn II	10,95%	11,81%	2,11%	3,36%	3,06%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Safn I:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	55,02%	15,42%	15,47%	14,45%	15,14%
Skuldabréf **.....	44,98%	59,66%	59,74%	60,57%	59,81%
Bundnar bankainnstæður	0,00%	24,92%	24,79%	24,98%	25,05%
Safn II:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	55,10%	30,71%	30,77%	29,09%	30,30%
Skuldabréf **.....	44,90%	54,48%	54,49%	55,86%	54,77%
Bundnar bankainnstæður	0,00%	14,81%	14,74%	15,06%	14,93%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Safn I:					
Eignir í íslenskum krónum	84,90%	89,54%	85,00%	85,55%	85,00%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	15,10%	10,46%	15,00%	14,45%	15,00%
Safn II:					
Eignir í íslenskum krónum	69,90%	82,01%	70,00%	70,91%	70,00%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	30,10%	17,99%	30,00%	29,09%	30,00%
Meðalfjöldi greiðenda í séreign	150	161	137	139	122
Safn I.....	63	85	54	51	29
Safn II.....	87	76	83	88	93
Heildarfjöldi rétthafa í séreign.....	2.058	1.976	1.966	1.990	1.935
Meðalfjöldi greiðsluþega.....	11	4	10	10	11

* Ávöxtun reiknast út frá daglegu gengi undirliggjandi verðbréfa

** Verðbréf með föstum tekjum séreignadeildar eru bókfærð á markaðsverði

*** Hrein raunávöxtun af efborganir af íbúðarbréfum hefðu skilað sér rétt inn í verðbréfakerfi. Áætlaðar tölur.

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

	Skýr.	Samtryggingardeild	Séreignadeild	par af: Safn I	par af: Safn II	2018
Iðgjöld						
Iðgjöld sjóðfélaga		437.524	23.365	10.841	12.524	460.889
Iðgjöld launagreiðenda		1.080.455	14.644	6.170	8.474	1.095.099
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(5.268)	(9.276)	17.901	(27.178)	(14.544)
		1.512.711	28.733	34.913	(6.181)	1.541.444
Sérstök aukaframlög		99.083	0	0	0	99.083
		1.611.795	28.733	34.913	(6.181)	1.640.527
Lífeyrir						
Heildarfjárhæð lífeyris		1.672.264	27.584	14.687	12.897	1.699.848
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		10.635	0	0	0	10.635
Tryggingakostnaður		(638)	0	0	0	(638)
Eftirlaun frá Tryggingastofnun		(179)	0	0	0	(179)
		1.682.082	27.584	14.687	12.897	1.709.666
Hreinar fjárfestingartekjur						
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		1.591.739	10.152	4.837	5.315	1.601.891
Hreinar tekjur af skuldabréfum		2.573.328	32.936	12.349	20.588	2.606.265
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		(34)	0	0	0	(34)
Vaxtatekjur af handbæru fé		7.128	0	0	0	7.128
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		6.228	0	0	0	6.228
Fjárfestingargjöld		22.608	0	0	0	22.608
		4.200.997	43.089	17.186	25.903	4.244.086
Rekstrarkostnaður						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		103.171	946	219	727	104.118
		103.171	946	219	727	104.118
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris						
Hrein eign frá fyrra ári		48.774.652	595.946	202.774	393.172	49.370.598
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		4.027.538	43.291	37.193	6.098	4.070.829
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		52.802.190	639.237	239.967	399.270	53.441.427

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	Samtryggingardeild	Séreignadeild	par af: Safn I	par af: Safn II	2018
Fjárfestingar						
Eignarhlutir í félögum og sjóðum		28.713.237	350.957	133.559	217.397	29.064.194
Skuldabréf		23.423.457	286.371	109.183	177.188	23.709.828
Bundnar bankainnstæður		0	0	0	0	0
		<u>52.136.695</u>	<u>637.327</u>	<u>242.742</u>	<u>394.585</u>	<u>52.774.022</u>
Kröfur						
Kröfur á launagreiðendur		161.528	1.910	781	1.129	163.437
Aðrar kröfur		1.165	0	0	0	1.165
		<u>162.693</u>	<u>1.910</u>	<u>781</u>	<u>1.129</u>	<u>164.603</u>
Ýmsar eignir						
Varanlegir rekstrarfjármunir		32.198	0	0	0	32.198
		<u>32.198</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>32.198</u>
Handbært fé		478.092	0	0	0	478.092
Eignir samtals		<u>52.809.678</u>	<u>639.237</u>	<u>243.524</u>	<u>395.714</u>	<u>53.448.915</u>
Skuldir						
Viðskiptaskuldir						
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		7.338	0	0	0	7.338
Aðrar skuldir		150	0	0	0	150
Skuldir samtals		<u>7.487</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>7.487</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>52.802.190</u>	<u>639.237</u>	<u>243.524</u>	<u>395.714</u>	<u>53.441.428</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	Samtryggingardeild	Séreignadeild	par af: Safn I	par af: Safn II	2018
Inngreiðslur						
Iðgjöld		1.496.287	28.733	34.913	(6.181)	1.525.020
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		(12.866)	19.960	7.427	12.532	7.094
Aðrar inngreiðslur		103.309	0	0	0	103.309
		<u>1.586.730</u>	<u>48.692</u>	<u>42.340</u>	<u>6.352</u>	<u>1.635.423</u>
Útgreiðslur						
Lífeyrir		1.682.082	27.584	14.687	12.897	1.709.666
Rekstrarkostnaður		103.171	946	219	727	104.118
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		308	0	0	0	308
Aðrar útgreiðslur		(9.499)	0	0	0	(9.499)
		<u>1.776.063</u>	<u>28.530</u>	<u>14.906</u>	<u>13.624</u>	<u>1.804.593</u>
Nýtt ráðstöfunaré til fjárfestinga		(189.332)	20.162	27.434	(7.272)	(169.170)
Fjárfestingarhreyfingar						
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		1.539.019	0	0	0	1.539.019
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(3.625.864)	(42.355)	(19.041)	(23.314)	(3.668.219)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		2.545.775	30.643	9.256	21.387	2.576.418
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		1.305.268	959	8.223	(7.264)	1.306.227
Keypt skuldabréf		(1.560.101)	(35.375)	(22.521)	(12.854)	(1.595.476)
Seld skuldabréf		(25.967)	25.967	7.872	18.095	0
Endurgreidd bundin innlán		81.161	0	0	0	81.161
Aðrar færslur milli safna		0	0	(11.223)	11.223	0
		<u>259.293</u>	<u>(20.162)</u>	<u>(27.434)</u>	<u>7.272</u>	<u>239.131</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		69.961	0	0	(0)	69.961
Handbært fé í upphafi árs		408.131	0	0	0	408.131
Handbært fé í lok árs		<u>478.092</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(0)</u>	<u>478.092</u>

Viðauki I- Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja (LSV) hefur starfað frá árinu 1970. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og á grundvelli samþykktu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett ýmsar reglur sem um starfsemina gilda. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á vef sjóðsins, www.lsv.is. Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Ársfundur og fulltrúaráð

Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað komi fram í samþykktum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu lífeyrissjóðsins.

Stjórn

Stjórn LSV er skipuð sex mönnum og er skipuð fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð sex mönnum og skulu þrjú kjörin af þeim stéttarfélögum sem aðild eiga að sjóðnum og þrjú af Samtökum atvinnulífsins. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er þrjú ár og skal hvor aðili um sig kjósa árlega einn stjórnarmann og einn til vara. Gæta skal ákvæða um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaganna hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar, eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja til þess að sinna verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar í samræmi við IX. Kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga, með síðari breytingum og gildandi reglur og leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins.

Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafæri lífeyrissjóðsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda lífeyrissjóðsins.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings lífeyrissjóðsins.
- Mat á óhæði endurskoðenda og eftirlit með störfum þeirra.
- Gera tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.
- Að fylgja eftir að úrbætur séu gerðar á annmörkum sem fram koma á innri endurskoðun.

Viðauki I- Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Eignastýring Jökla-Verðbréfa hf. sem er í helmings eigu LSV hefur það hlutverk að stýra fjárhagslegri áhættu sjóðsins með ákvörðunum um kaup og sölu verðbréfa, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins eins og við á hverju sinni. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingarstefna lýsir áhættuvilja sjóðsins og í henni eru meðal annars: Sett markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og vilmörk eignaflokka og viðmið hvað varðar ávöxtun og áhættu eignaflokka. Skilgreind helstu viðmið og skorður sem unnið er út frá í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Áhættustefna LSV er sett af stjórn sjóðsins og skilgreinir áhættuvilja og áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu innan hans. Áhættustefnan nær yfir starfsemi LSV bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Fjárhagsleg áhætta er tengd fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, þ.e. þróun eigna og skuldbindinga auk sjóðstreymis. Rekstraráhætta er áhætta tengd ytri atburðum í rekstrarumhverfi sjóðsins og innri starfsemi hans, m.a. varðandi starfsmenn, verkferla og upplýsingakerfi.

Viðauki II -Ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal sjóðurinn láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum. Hlutverk LSV er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt gegnir LSV mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Samskipta- og siðareglur.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og starfsmenn hans gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins og réttindum sem eru alfarið í eigu sjóðfélaga. Umsjón fjármuna og eignastýring felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur verðbréfa. Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins rækti slík samskipti í þeim tilgangi að vera sem best í stakk búnir til að sinna starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn. Með því er það mat stjórnar að betur takist að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja áréttar mikilvægi þess að slík samskipti byggi á almennum grunnreglum sem tryggi gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Í þeim tilgangi hefur stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja samþykkt samskipta- og siðareglur stjórnar og starfsmanna vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar.

Stefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja um ábyrgar fjárfestingar

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Stefna um ábyrgar fjárfestingar setur fram viðmið Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í þessum efnunum.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttá í fjárfestingum og tekur til beinna fjárfestinga í skráðum fyrirtækjum, sjóðum (að undanskildum vísitölusjóðum) sem fjárfesta aðallega í hlutabréfum, s.s. verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Mögulegt er að líta til grundvallarsjónarmiða stefnunnar við aðrar fjárfestingar eftir því sem við á.

Markmið stefnunnar

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á með ávöxtun iðgjalda, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Markmið um ábyrgar fjárfestingar er að marka stefnu sjóðsins sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í á sviði umhverfismála og félagslegra málefna. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja tekur tillit til þessara þátta að því marki sem rúmast innan framangreindra heildarmarkmiða sjóðsins um hámarksun lífeyrisréttinda til sjóðfélaga og lítur svo á að tillit til þessara þátta geti verið grundvöllur langtímaávöxtunar sjóðsins.

Um framkvæmd stefnunnar

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með slíkum fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast framkvæmd stefnunnar í samráði við stjórn og starfsmenn sjóðsins. Við framkvæmd stefnunnar skal gætt að viðeigandi reglum um hagsmunaárekstra og vanhæfi.

Framkvæmd ábygrgra fjárfestinga

Stefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja sem eiganda er að standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga sjóðsins til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn beitir sér sem eigandi, sbr. að neðan, í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Grunnildir sjóðsins á sviði umhverfismála og félagslegra málefna byggja á grunnildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja lætur umhverfismál og félagsleg málefni sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum, sbr. að neðan, með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í til umhverfismála og félagslegra málefna.

Viðauki II -Ófjárhagslegar upplýsingar

Innlendar fjárfestingar

Skráðum fyrirtækjum ber að upplýsa árlega um mat á þróun, umfangi, stöðu og áhrifum fyrirtækisins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál eins og við getur átt og jafnframt gera grein fyrir stefnu fyrirtækisins í mannréttindamálum og hvernig viðkomandi spornar við spillingar- og mútumálum eins og við getur átt, sbr. 66. gr. d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Lífeyrissjóður Vestmanneyja hvetur til greinargóðrar upplýsingagjafar fyrirtækja um atriði er þau varða á sviði umhverfismála og félagslegra málefna með áherslu á þau svið sem eru viðeigandi viðkomandi rekstri.

Tengist fyrirtæki skráð á innlendan markað broti á sviði umhverfismála og félagslegra málefna að álitni lögbærra yfirvalda er það markmið sjóðsins að beita sér sem eigandi þannig að látið verði af viðkomandi broti án tafar og jafnframt farið fram á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur. Ef slíkar aðgerðir bera ekki fullnægjandi árangur mun sjóðurinn taka til skoðunar sölu viðkomandi eignarhlutar í heild eða að hluta og getur við viðvarandi eða ítrekuð brot útilokað einstakar fjárfestingar þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Með því að beita sér með þessum hætti getur Lífeyrissjóður Vestmanneyja haft uppbyggileg áhrif á háttsemi fyrirtækja til lengri tíma og tekið að sama skapi tillit til heildarmarkmiða sjóðsins.

Lífeyrissjóður Vestmanneyja hefur væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn er í viðskiptum við beiti sér eftir því sem við á með sambærilegum hætti gagnvart fjárfestingum sínum. Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slíkar stefnur eru ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóði og fram fer mat á grundvelli heildarmarkmiða sjóðsins.

Erlendar fjárfestingar

Sjóðurinn getur ákveðið að styðja aðgerðir annarra fjárfesta er snúa að umhverfismálum og félagslegum málefnum þegar atvik koma upp ásamt því að beita sér sjálfur ef eignarhald sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki gefur tilefni til þess. Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar sjóða hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slíkar stefnur eru ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóði og fram fer mat á grundvelli

Starfsmannamál

LSV leggur áherslu á að skapa starfsfólki jöfn tækifæri, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. LSV viðurkennir mikilvægi heilsueflingar og styrkir starfsfólk sjóðsins í heilsurækt.